

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 322/1997.

Dánarbú Eiríks Gíslasonar

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.,

Brynjar Nielsson hdl.)

gegn

Sjóvá – Almennum tryggingum hf.

(Ólafur Axelsson hrl.,

Guðmundur Benediktsson hdl.)

Vátryggingar. Slysatrygging. Arfur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu vátryggingarbóta, að fjárhæð 1.212.750 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1995 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og jafnframt, að málskostnaður verði felldur niður fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eftir að héraðsdómur gekk, fannst dagbók Eiríks heitins Gíslasonar frá 1989, þar sem kom fram, að hann hafði 25. október það ár fengið greiddar 23.157 krónur vegna slyssins, sem mál þetta er risið af. Einnig fundust á starfsstöð stefnda tjónstilkynning frá 1989, undirrituð af Eiríki, og afrit kvittana um greiðslu kostnaðar vegna slyssins.

Eins og lýst er í héraðsdómi, varð Eiríkur Gíslason fyrir slysi á Spáni um miðjan september 1989. Hann var slysathyggður hjá stefnda sem handhafi Eurocard-gullkorts, þegar slysið varð. Eiríkur lést 13. september 1995.

Í samningi þeim, sem Kreditkort hf. gerðu við stefnda um vátryggingar í þágu korthafa Eurocard-gullkorts, er það skilyrði sett fyrir greiðslu bóta, að slys leiði til dauða eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. Í tryggingarskilmálum stefnda segir

einnig, að slys skuli tilkynnt félaginu tafarlaust og félaginu send læknisvottorð og aðrar skriflegar upplýsingar, sem máli skipta við uppgjör tjóns. Um greiðslu bóta er tekið fram, að örorkubætur greiðist þeim slasaða.

Eins og að framan er lýst, komu fram nýjar upplýsingar eftir uppkvaðningu héraðsdóms um, að Eiríkur Gíslason hefði tilkynnt tjónið til stefnda, eftir að hann kom heim frá Spáni í október 1989, og að stefndi hefði þá greitt útlagðan kostnað hans vegna slyssins. Eftir það verður ekki séð, að Eiríkur heitinn hafi gert neinn reka að því að krefjast bóta, en í dagbók hans kemur fram, að hann hafi í febrúar 1995 haft símleiðis samband við starfsstöð stefnda. Eftir það virðist hann hafa hafist handa um öflun gagna, og liggur fyrir áverkavottorð Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis 25. júlí 1995. Örorkumat vegna slyssins fór ekki fram fyrr en eftir andlát Eiríks og er dagsett 24. október 1995. Ósannað er, að framangreint áverkavottorð hafi borist stefnda fyrr en eftir andlát Eiríks eða með kröfu- bréfi lögmanns áfrýjanda 9. nóvember 1995. Stefndi gat því ekki metið afleiðingar slyssins og fjárhæð bóta, og var bótakrafan ekki orðin virk, áður en lát Eiríks bar að höndum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Samkvæmt þessu er niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar

Ákvæði 2. gr. í skilmálum slysaftryggingar Eiríks heitins Gíslasonar um greiðslu slysabóta til hins váttryggða hafði þýðingu gagnvart skuldheimtumönnum hans og viðsejendum í lifanda lífi, en raskar ekki stöðu dánarbús hans eða lögerfingja í því tilliti, sem hér skiptir máli.

Áverkavottorð Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis 25. júlí 1995 er sýnilega samið í þeim tilgangi einum að leggja grundvöll að

venjulegu mati á varanlegri örorku Eiríks af völdum viðbeinsbrotsins í september 1989. Er vottorðið skilmerkilegt og ágætlega til þessa fallið, en læknirinn greinir þar frá sjúkrasögu Eiríks og lýsir þeirri niðurstöðu, að ekki sé að vænta frekari bata á afleiðingum slyssins. Með hliðsjón af vottorðinu og öðrum málgögnum eru engin efni til að efast um gildi þeirrar afstöðu Jónasar Hallgrímssonar læknis, að unnt hafi verið að meta örorku Eiríks með viðunandi nákvæmni að honum látnum.

Pegar Eiríkur hófst handa um það árið 1995 að kanna bótarétt sinn vegna varanlegrar örorku af völdum slyssins, voru fjögur ár að verða liðin frá þeim tíma, er krafa um bætur hefði átt að koma fram samkvæmt skilmálum slysatryggingarinnar, sem miðuðust við tvö ár frá slysdegi í því efni. Átti hann á hættu að þurfa að hrinda þeirri mótbáru, að krafan væri fyrnd, ef henni yrði ekki komið fram innan ársins. Ekki er kunnugt, hvort honum var þetta ljóst, en hann hafði ekki leitað lögmannsaðstoðar, svo að séð verði. Hér fyrir dómi nýtur ekki beinna upplýsinga um hagi hans síðustu mánuði fyrir andlátið 13. september 1995, er skýrt geti náði, hvers vegna mál hans var þá ekki lengra komið. Af fram komnum gögnum er þó alveg ljóst, að hann hafði tekið ákvörðun um að bera fram bótakröfu á grundvelli slysatryggingarinnar og komið undirbúningi hennar á stað í eðlilegum farvegi. Verður jafnframt að ætla, að hann hafi gert stefnda viðvart um þetta markmið sitt, þar sem hann var sjálfur tryggingartaki hjá félaginu og hafði ekki sérstaka ástæðu til að vænta þess, að steinn yrði þar lagður í götu hans. Má meðal annars ganga að því nokkuð vísu, að tilmæli til Sigurjóns læknis um útgáfu áverkavottorðsins hafi verið borin fram eftir samráð við starfsmenn félagsins, þannig að liggja megi milli hluta, hvort beiðni um vottorðið hafi komið frá félaginu sjálfu, eins og læknirinn virðist telja, en hann hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm til vitnisburðar.

Samkvæmt öllu þessu horfir málið þannig við, að skilyrði til greiðslu bóta úr slysatryggingu Eiríks hjá stefnda voru sannanlega komin fram, áður en andlát hans bar að höndum, og að hann hafði bæði vilja og getu til að leiða kröfu sína um þær til eðlilegra lykta. Eiga ákvæði 1. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga eða aðrar lagareglur ekki að vera því til fyrirstöðu, að markmiði hans verði náð, heldur standa lög til þess, að krafan verði gerð upp með um-

sömdum hætti á grundvelli þeirra gagna, sem erfingjar hans hafa aflað.

Það er því niðurstaða mín, að taka beri kröfur áfrýjanda til greina og dæma honum málskostnað úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 1997.

Mál þetta er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 30. desember 1996, til þingfestingar hér fyrir dómi 9. janúar 1997. Það var dómtekið 30. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er dánarbú Eiríks Gíslasonar, kt. 130641-4239, en stefndi er Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dánarbú Eiríks Gíslasonar var tekið til opinberra skipta með úrskurði, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjaness 20. nóvember 1996. Í sama þinghaldi var Guðmundur Örn Guðmundsson hdl. skipaður til að gegna starfi skiptastjóra í dánarbúinu. Hinn 6. desember 1996 veitti skiptastjóri Stefáni Geir Þórisssyni hdl., kt. 300962-5569, fullt og ótakmarkað umboð til að höfða og flytja mál þetta á hendur stefnda í nafni dánarbúsins.

Það skilyrði var sett af hálfu skiptastjóra fyrir málsókninni, að erfingjar dánarbúsins tækju á sig ábyrgð á hugsanlegum kostnaði, sem af henni gæti hlotist, jafnframt því, að dánarbúið myndi taka við þeim hagsmunum, sem vinnast kynnu við málsóknina gegn greiðslu kostnaðar.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu vátryggingarbóta, að fjárhæð 1.212.750 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru í stórum dráttum sem hér segir:

Eiríkur Gíslason varð fyrir slysi á Spáni um miðjan september 1989. Mun hann hafa hrasað um gangstéttarbrún og fallið við það á hægri öxl og hlotið svokallað „comminut viðbeinsbrot“. Gert var að meiðslum Eiríks til bráðabirgða á Spáni, en þegar hann kom heim til Íslands, leitaði hann til Heilsugæslunnar í Keflavík 3. október s. á. Þar kom í ljós, að hann hafði viðbeinsbrotnað, eins og áður er lýst. Gekkst hann undir aðgerð á öxlinni 5.

sama mánaðar, sem Kristján Sigurðsson læknir gerði. Brotið greri seint og illa, og þurfti því að gera frekari aðgerðir á sjúklingi í mars og október 1990 og í apríl 1995.

Eiríkur var slysatryggður hjá stefnda sem handhafi Eurocards-gullkorts, er slysið varð. Í tryggingarskilmálum stefnda var það skilyrði sett fyrir bótagreiðslu félagsins, að slys á þeim, sem tryggingarinnar nytu, hefði leitt til varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. Slysabætur skyldu miðast við örorkustig, að hámarki USD 250.000 fyrir 100% örorku og hlutfallslega minna fyrir minni varanlega örorku.

Eiríkur lést um miðjan september 1995.

Hinn 21. sama mánaðar veittu erfingjar hans Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl. „fullt og ótakmarkað umboð til að semja við Sjóvá-Almennar tryggingar hf. vegna afleiðinga slyss, sem faðir okkar varð fyrir um miðjan september 1989 á Spáni“, eins og segir í umboðinu. Í framhaldi þar af óskaði Stefán G. Þórisson hdl. í umboði Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. eftir því við Jónas Hallgrímsson lækni, að hann mæti varanlega örorku Eiríks heitins af völdum óhappsins á Spáni. Örorkumat hans er dags. 24. október 1995. Mat sitt reisti Jónas Hallgrímsson meðfram á ýtarlegu áverkavottorði Sigurjóns Sigurðssonar, bæklunarlæknis við Sjúkrahús Suðurnesja, sem dagsett er 25. júlí 1995, og vottorði Hreggviðar Hermannssonar, læknis við Heilsugæslustöð Suðurnesja, sem dagsett er 12. maí sama ár.

Í niðurstöðu örorkumatsins segir svo: „Af vottorði Sigurjóns Sigurðssonar má ráða, að örorka hafi þegar verið fyrir hendi innan tveggja ára frá slysinu, þar sem setja þurfti nýtt bein í sárið í október 1990, vegna þess að viðbeinið greri ekki. Síðan kom í ljós, að sú aðgerð nægði ekki og að beinendarnir festust aldrei saman með beinvef. Eiríkur slasaðist síðan aftur á hægri upphandlegg rétt neðan við axlarlið í júlí 1993. Enn fremur lærbrotnaði hann í nóvember 1994. Við skoðun Sigurjóns Sigurðssonar kom í ljós, að hreyfingar í hægri öxl voru takmarkaðar og að hann gat aðeins lyft að 80° út til hliðar án þess að hreyfa herðablað og fram gat hann aðeins lyft að 65°. Áætla má, að hluti af þessari hreyfiferilsskerðingu hafi stafað af handleggsbrotinu, enda var hann kominn með frosna öxl. Vafalítið áttu afleiðingar viðbeinsbrotsins sinn þátt í þessari hreyfiferilsskerðingu. Er það mat undirritaðs, að skipta megi örorku þeirri, sem Eiríkur virðist hafa fengið vegna axlarinnar, til jafns á milli afleiðinga slyssins á Spáni og afleiðinga slysafalls á Íslandi í júlí 1993.

Niðurstæða.

Í töflum örorkunefndar um varanlegan miska er hreyfiferilsskerðing í hægri axlarlið svipuð þeirri, sem Eiríkur hafði, metin 15%. Í eldri töflum

um örorku er að finna svipaðar tölur erlendis frá. Niðurstaða undirritaðs er því sú, að varanleg örorka Eiríks vegna slysafalls á Spáni í september 1989 og viðbeinsbrots, sem ekki greri, hafi verið 7,5%“.

Er framangreint örorkumat lá fyrir, sendi lögmaður stefnanda stefnda kröfubréf, dags. 9. nóvember 1995. Í svarbréfi stefnda, sem dagsett er 27. nóvember s. á., var kröfu lögmansins hafnað með vísan til þess, að örorkubætur væru ekki greiddar, ef slasaði andaðist, áður en mat á varanlegri örorku lægi fyrir og áður en örorkubótakrafa félli í gjalddaga samkvæmt skilmálum umræddrar slysatryggingar, enda séu örorkubætur persónulegur réttur hins slasaða, sem erfist ekki. Enn fremur var vísað til sjónarmiða um brostnar forsendur.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að Eiríkur heitinn hafi fyrir andlát sitt nokkrum sinnum leitað símleiðis eftir uppgjöri hjá stefnda, þ. e. í febrúar og mars 1995 og vísar stefnandi til dagbókar Eiríks því til sönnunar. Fyrirsvarsmenn stefnda kannast ekki við, að Eiríkur heitinn hafi haft samband við þá vegna slyssins og því síður gert bótakröfu á hendur félaginu af því tilefni. Stefndi hefur því alltaf hafnað bótakröfum stefnanda.

Erindi stefnanda var lagt fyrir tjónsnefnd váttryggingafélaganna að hans beiðni, og ályktaði hún í málinu 20. febrúar 1996. Niðurstaða nefndarinnar var á þessa leið: „Ekki er hægt að leggja til grundvallar örorkumat á afleiðingum slyss, þegar matið er gert, eftir að hinn slasaði lést.“ Lögmaður stefnanda skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum í mars s. á. Var málið þar leitt til lykta á fundi nefndarinnar 23. apríl s. á. Álit nefndarinnar var sem hér segir: „Álit. A (þ. e. Eiríkur Gíslason, – innskot dómara) hafði ekki tilkynnt félaginu um slysið með formlegum hætti, t. d. með útfyllingu tjónstilkynningar. Í dagbókarbrotum A frá febrúar og mars 1995 kemur fram, að hann hafði þá samband við tryggingafélagið vegna slysa-bóta. Hins vegar verður af þessu ekkert ráðið um greiðsluskyldu félagsins. Örorkumat var ekki framkvæmt og bætur krafðar fyrr en að A látnum. Ekki verður séð, að félaginu verði kennt um, hversu seint bætur voru krafðar. Bæturnar skyldu greiddar hinum slasaða, þ. e. A. Bæturnar eru þannig bundnar hinum váttryggða, og þær voru ekki heldur gjaldfallnar skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga á dánardægri A. Samkvæmt þessu verður að telja, að greiðsluskylda félagsins sé fallin niður og erfingjar A eigi því ekki rétt til örorkubóta úr slysatryggingunni. Niðurstaða. Erfingjar Eiríks Gíslasonar eiga ekki rétt til bóta úr slysatryggingu Eurocard-korthafa hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.“

Þegar þessi niðurstaða lá fyrir, sem stefndi byggði meðfram afstöðu sína á um synjun á bótaskyldu, ákváðu erfingjar Eiríks Gíslasonar að höfða mál

þetta. Þá hafði dánarbú Eiríks Gíslasonar verið tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú, eins og áður er getið, og var heimildar því aflað hjá skiptastjóra búsins til málshöfðunarinnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður málsókn sína því, að stefnda beri að greiða dánarbúinu örorkubætur á grundvelli þeirrar slysatryggingar, sem Eiríkur heitinn hafði hjá stefnda.

Stefnandi hafnar röksemdum stefnda með vísan til eftirfarandi sjónarmiða.

Í fyrsta lagi ráði það ákvæði í váttryggingarskilmálunum ekki úrslitum, þar sem tekið sé fram, að bætur skuli greiða hinum slasaða. Ákvæðið verði að túlka þannig, að bætur skuli greiða slasaða, en falli hann frá, þá renni rétturinn til dánarbús hans rétt eins og önnur kröfuréttindi, sem hinn látni hafi átt. Um sé að ræða staðlað ákvæði, samið einhliða af stefnda, sem fullnægi hvergi nærri þeim skýrleikakröfum, sem gera verði, þegar vikið sé með jafnþýngjandi hætti frá meginreglum laga. Ef gera ætti undantekningu frá þeirri meginreglu, að kröfuréttindi erfist, þyrfti slíkt að koma skýrt og ótvírátt fram í samningsákvæðinu.

Í öðru lagi heldur stefnandi því fram, að rangt sé að líta svo á, að réttur Eiríks heitins til örorkubóta lúti öðrum lögmálum við erfðir en aðrar kröfur, vegna þess að rétturinn sé persónulegur og erfist því ekki, fyrr en krafan sé gjaldfallin. Skilyrði þess, að krafa erfist, sé ekki háð því, að hún sé fallin í gjalddaga, heldur sé nægilegt, að hún hafi stofnast. Stefnumkrafa máls þessa hafi orðið til um miðjan september 1989, sem sé óhagganleg staðreynd, sem verði ekki breytt. Réttur til slysabóta sé að sönnu persónulegur, en þó ekki í þeim skilningi, að hann erfist ekki, enda geti það aldrei orðið til hagsbóta hinum látna né lánardrottnum hans. Því eigi sjónarmið til verndar tjónþola, sem t. d. komi fram í aðfararlögum nr. 90/1989, ekki við hér, heldur gildi meginreglur erfða- og kröfuréttar.

Þá vísar stefnandi á bug rökum stefnda um brostnar forsendur. Fjárhæð váttryggingarbóta sé ákveðin í samningsskilmálum, óháð lífslíkum. Eiríkur heitinn hafi í öllu fullnægt skyldum sínum í samræmi við ákvæði váttryggingarsamnings aðila. Því megi félagið einu varða, hvað greiðsluskyldu snertir, hvort bætur renni til hins slasaða eða dánarbús hans.

Stefnufjárhæð, 1.212.750 kr., miðar stefnandi við kaupgengi bandaríkjadals 9. nóvember 1995, þ. e. 64,68 kr. skv. skráningu Seðlabanka Íslands. Váttryggingarfjárhæðin nemi USD 250.000, sbr. tryggingarskilmála Sjóvár-Almennra trygginga hf. fyrir Eurocard-gullkort, en 7,5% hennar svari þannig til samtals USD 18.750 kr.

Dráttarvaxta sé krafist frá 9. desember 1995. Það sé í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, en með bréfi lögmanns stefnanda 9. nóvember 1995 hafi stefndi verið krafinn um bætur, og þá hafi öll þau gögn legið fyrir, svo að unnt væri að taka afstöðu til kröfunnar.

Stefnandi styður málsókn sína að öðru leyti með vísan til laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, einkum 24. gr., ásamt meginreglum kröfurettar og erfðaréttar.

Eins og áður segir, vísar stefnandi um dráttarvaxtakröfu sína á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, en styður málskostnaðarkröfu sína með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi hafnar kröfum stefnanda á eftirfarandi forsendum:

1. Að engin krafa hafi komið fram af hálfu Eiríks Gíslasonar gagnvart stefnda vegna slyssins, hvað þá læknisfræðileg gögn um afleiðingar þess. Við stefnda verði ekki sakast í því efni. Bæturnar hafi því ekki verið gjaldfallnar, sbr. 24. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1954. Dagbókarbrot Eiríks heitins breyti hér engu um.

2. Örorkumatið hafi verið gert að Eiríki látnum. Réttur til að fá metna örorku og krefjast örorkubóta sé persónulegur réttur hins slasaða, sem gangi ekki til erfingja hans. Réttur til örorkubóta falli ekki í arf við andlát hins slasaða, þegar svo hátti til, að varanleg örorka hans hafi ekki verið metin, svo að hægt hafi verið að ákveða bótafjárhæð. Forsendur fyrir greiðslu örorkubóta úr tryggingunni séu því brostnar og greiðsluskylda stefnda því niður fallin, hafi hún einhver verið.

3. Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar skyldi örorkubætur einungis greiða hinum slasaða.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins staðfesti Jónas Hallgrímsson læknir matsgerð sína, en þar kom einnig til skýrslugjafar Markús Auðunn Eiríksson, sonur Eiríks heitins Gíslasonar.

Markús Auðunn kvað föður sinn hafa orðið fyrir slysi á Spáni og farið síðan í uppskurð í framhaldi þess. Tryggingarnar hafi greitt þann erlenda kostnað, sem slysið hafði í för með sér, er hafi verið smámunir. Föður sínum hafi hins vegar verið tjáð, að málið væri allt opið og ekki yrði meira greitt, fyrr en mat lægi fyrir. Hann kvaðst ekki hafa verið vitni að símtölum, sem faðir sinn átti við skrifstofu tryggingafélagsins, en faðir sinn hafi sagt sér frá þessum samtölum og hvers efnis þau voru. Þetta hafi staðið yfir, allt frá því að hann lenti í slysinu. Hann kvað slysið hafa valdið erfingjum föður síns miklum fjárútlátum, bæði beint og eins vegna ábyrgða, sem þeir höfðu

undirgengist hans vegna, og næmi sú fjárhæð allt að tveimur milljónum króna.

Álit dómsins.

Stefnandi reisir málsókn sína á hendur stefnda á samningi, sem Kreditkort hf. gerðu við stefnda um váttryggingar í þágu korthafa Eurocard-gullkorts.

Samningurinn tryggir korthafa gagnvart tjóni af ýmsu tagi, sem hann kann að verða fyrir í viðskipta- eða orlofsferðum, m. a. í slysatilvikum, sem leiða til líkamstjóns eða dauða. Samkvæmt samningnum er upphæð ferðaslysatryggingar fastákveðin þannig, að hámarksbætur við dauða eða algjöra örorku skyldu svara til 250.000 bandaríkjadala, en hlutfallslega minni bætur skyldi greiða við minni örorku. Í samningnum er örorka tilgreindra líkamsáverka skilgreind sérstaklega, s. s. missir sjónar á öðru eða báðum augum 100%, algjört varanlegt heyrnarleysi 50% o. s. frv. Þar sem líkamstjón er ekki skilgreint í samningnum, skal mat gilda, sem lækni félagsins gerir.

Í þeim kafla samningsins, sem fjallar um ferðaslysatryggingu, er það skilýrði sett fyrir greiðslu bóta, að slys leiði til dauða eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi. Enn fremur segir í sama kafla, að örorkubætur skuli greiða hinum slasaða, en dánarbætur lögerfingjum, nema um annað hafi verið samið. Þá er þar tekið fram, að tilkynna skuli félaginu um slys tafarlaust, en jafnframt skuli senda félaginu læknisvottorð og aðrar skriflegar upplýsingar, sem skipti máli við uppgjör tjóns.

Ljóst er, að slys það, sem Eiríkur heitinn Gíslason varð fyrir á Spáni, var þess eðlis, að það myndi hafa leitt til greiðsluskyldu stefnda, ef leitað hefði verið eftir bótum af hans hálfu í samræmi við tryggingarskilmála. Slysið hafði í för með sér varanlega örorku innan tilskilins frests. Aftur á móti liggja ekki fyrir skriflegar heimildir um það, að Eiríkur heitinn hafi gengið eftir skaðabótum á grundvelli samningsins, né heldur, að hann hafi tilkynnt stefnda um slysið, eins og tryggingarskilmálar mæla fyrir um. Í dagbókarbroti frá 13. febrúar 1995, sem fullyrt er af stefnanda, að Eiríkur hafi ritað, segir svo: „Ég fór í Sjóvá-Almennar. Þær könnuðust ekkert við slysbætur, en var bent á að hringja til Reykjavíkur, sem ég gerði. Þær könnuðust fyrst ekki við neitt, en kveiktu svo á perunni.“

Eins og áður er getið, liggur fyrir í málinu áverkavottorð Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis um heilsutjón Eiríks Gíslasonar, sem dagsett er 25. júlí 1995. Læknisvottorð þetta er sú heimild, sem örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis styðst einkum við. Vottorðið er stílað til „Sjóvár-Almennra trygginga hf.“.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að félagið hafi ekki óskað eftir vott-

orðinu og ekki átt frumkvæði að öflun þess, enda sé ekkert um slysið skráð í bókum félagsins fyrr en eftir lát Eiríks heitins. Í tilefni þessarar fullyrðingar stefnda upplýsti lögmaður stefnanda við aðalmeðferð málsins, að hann hefði átt símtal við lækinn, sem nú starfi í Slóvakíu. Í símtalinu hafi lækinn fullyrt, að hann myndi ekki hafa stílað læknisvottorð sitt til stefnda, ef félagið hefði ekki óskað eftir vottorðinu. Þá liggur fyrir í málinu vottorð frá Hreggviði Hermannssyni, heilsugæslulækni við Heilsugæslustöð Suðurnesja, sem dagsett er 12. maí 1995. Þar er sjúkrasögu Eiríks Gíslasonar lýst og m. a. sagt, að hann hafi hlotið viðbeinsbrot hægra megin fyrir nokkrum árum, án þess að það sé frekar skýrt.

Ekki kemur fram í læknisvottorðum þessum, hvert var tilefni þess, að þeirra var aflað, en því er haldið fram af stefnanda hálfu, að Eiríkur heitinn hafi á þessum tíma hafist handa um öflun gagna í því skyni að krefja stefnda um umræddar slysabætur.

Eins og áður er getið, er mælt svo fyrir í viðkomandi tryggingarskilmálum, að tilkynna skuli félaginu tafarlaust um slys jafnframt því, sem senda skuli því læknisvottorð og aðrar skriflegar upplýsingar, sem skipta máli við uppgjör tjóns. Ekkert liggur fyrir í málinu, sem veitir sönnur fyrir því með ótvíráðum hætti, að Eiríkur Gíslason hafi fullnægt þessari skyldu, en sex ár liðu, frá því að slysið varð og þar til hann andaðist.

Rétturinn til örorkubóta er persónubundinn. Af því leiðir, að sá einn, sem beðið hefur líkamstjón, er haft hefur í för með sér varanlega örorku, getur tekið ákvörðun um það að halda slíkri kröfu til laga á hendur bótagreiðanda. Rétturinn þar til erfist ekki að mati dómsins.

Það er álit dómsins, að stefnanda hafi ekki tekist að sanna með ótvíráðum hætti, að Eiríkur heitinn Gíslason hafi persónulega gert kröfur á hendur stefnda vegna umrædds líkamstjóns, sem hann varð fyrir á Spáni árið 1989. Krafan á hendur stefnda var því ekki orðin virk við dauða hans, sem stendur því í vegi, að krafan yfirfærist til dánarbús hans, stefnanda í þessu máli.

Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda á hendur honum.

Rétt þykir, eins og málum er háttað, að málskostnaður falli niður.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, dánarbús Eiríks Gíslasonar.

Málskostnaður fellur niður.
